

Uppsetningar- og
notkunarleiðbeiningar

Útistöð Eðalstál með mynd

2551 20, 2552 20, 2553 20

2554 20, 2556 20, 2558 20

2559 20, 2560 20, 2562 20

GIRA

Efnisyfirlit

Lýsing á búnaðinum	3
Virkni litmyndavélarinnar	4
Sjónsvið litmyndavélarinnar	4
Val á uppsetningarstað	5
Veggdós komið fyrir	6
Framplötunni komið fyrir	8
Búnaðurinn tekinn í notkun	9
Fjölvirkur inngangur	9
Sjónsvið litmyndavélarinnar stillt	10
Útistöðin Eðalstál opnuð	11
Skipt um merkispjald	12
Notkun	14
Tæknilýsing	15
Ábyrgð	16


Lýsing á búnaðinum

Útistöðin Eðalstál með myndavél er foruppsett útistöð fyrir Gira dyrasímakerfið sem er með litmyndavél og er varin gegn skemmdarverkum.

Framplatan er úr fyrsta flokks ryðfríu stáli (V2A), er 3 mm á þykkt og því einstaklega sterkbyggð. Kallhnapparnir eru einnig gerðir úr traustu ryðfríu stáli. Upplýst merkispiöldin eru hulin með hertri og eldþolinni glerplötu. Hægt er að opna merkispiöldin með földum búnaði og taka þau úr að framanverðu.

Bæði kallhnapparnir og merkispiöldin eru lýst upp jafnt með hvíttri, orkusparandi ljósdíóðueiningu.

Hátalarinn og hljóðneminn eru á bak við viðkomandi hljóðop þar sem þeir eru varðir gegn vatni og skemmdarverkum.



Virkni litmyndavélarinnar

Litmyndavél utanáliggjandi útistöðvarinnar hefur eftirfarandi eiginleika:

Sjálfvirk dags- og næturstilling

Þegar birtustig umhverfisins fer niður fyrir 1 lúx skiptir myndavélin af dagsstillingu (í lit) yfir á næturstillingu (í svarthvítu) og öfugt. Þar sem ljósnæmið er mikið í næturstillingu eru myndgæðin góð jafnvel þótt birtan sé lítil (allt að 0,1 lúx). Í næturstillingu sjá innbyggðar hvítar ljósdíóður til þess að andlitslýsingin sé jöfn.

Vítt sjónsvið

Þegar litmyndavélin er tekin í notkun er hægt að snúa henni handvirkt um 20° bæði lárétt og lóðrétt. Að auki er sjónsvið myndavélarinnar 100° og gefur hún því góða yfirsýn yfir svæðið fyrir framan dyrnar.

Innbyggður hitari


Innbyggður hitari í myndavélinni kemur í veg fyrir að móða myndist á lokinu þegar breytingar verða á veðurfari.

Lok yfir myndavél


Lokið yfir myndavélinni er vatnspétt og úr höggþolnu plasti. Ef lokið verður fyrir skemmdum, til dæmis vegna skemmdarverka, er auðvelt að skipta um það.

Sjónsvið litmyndavélarinnar

CCD-myndnemi litmyndavélarinnar hefur 100° sjónsvið. Ef sjónsviðið nægir ekki vegna aðstæðna á uppsetningarstað er hægt að færa það til handvirkt um 20° í allar áttir.



Sjónsvið myndavélarinnar þegar linsan vísar beint fram.



Sjónsvið myndavélarinnar þegar linsunni hefur verið snúið um 20° .

Val á uppsetningarstað

Til þess að myndgæðin verði góð þarf að velja réttan uppsetningarstað þar sem lýsing er góð.

Ekkert ljós á móti

Beinið litmyndavélinni ekki að sterku ljósi, s.s. götu- eða garðljósi.

Gætið þess að sólarljós falli ekki beint á linsuna.

Bakgrunnur í mynd

Varist að beina myndavélinni að mjög ljósum bakgrunni sem og að bakgrunni með skörpum birtuskilum.

Lýsing

Innbyggðar ljósdíóður í myndavélinni sjá til þess að andlitslýsing sé jöfn í myrkri.



Svarthvít mynd við slæm birtuskilyrði

Þegar birtuskilyrði eru slæm (< 1 lúx) eða kveikt er á andlitslýsingu sendir myndavélin eingöngu frá sér svarthvíta mynd.


Ef frekari lýsing er á svæðinu fyrir framan hurðina má ljósið ekki lýsa beint framan á linsuna. Ákjósanlegasti uppsetningarstaðurinn fyrir ytri ljósgjafa er fyrir ofan myndavélina.

Uppsetningarhæð

Mælt er með því að myndavélin sé sett upp í 1,50 m hæð.

Með þessari uppsetningarhæð næst sem best mynd af fólki í 1,80 m meðalhæð.





Lágmarkshæð fyrir uppsetningu er 1,20 m.



Athugið

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.

1. Veljið hentugan uppsetningarstað og brjótið gat í vegginn með meitli.
2. Notið meðfylgjandi veggfestingar ef þess þarf.




Við uppsetningu veggdósarinnar skal hafa eftirfarandi í huga:


- Gætið þess að veggdósinn snúi rétt. (Sjá límmiðann "TOP").
- Setja verður veggdósina þannig í að hún sé hornrétt. Ekki er hægt að rétta veggdósina af síðar þegar útistöðin Eðalstál er sett upp.
- Setjið veggdósina þannig í að hún flútti eins vel við vegginn og kostur er!

Það verður að vera hægt að setja lokunarplötuna þannig á síðar að hún flútti við vegginn. Ekki er hægt að jafna út meira en 20 mm með múrhúðinni.


3. Múrið veggdósina þannig að hún flútti við vegginn (múrhúðin má mest vera 20 mm).








4. Setjið meðfylgjandi murlök á.



5. Múrið vegginn.



6. Fjarlægið múrhuðina **varlega** og takið murlokið af.



1. Setjið lokunarplötuna þannig í veggdósina að hún flútti við vegginn.



Setjið lokunarplötuna hornrétt í

Lokunarplatan má ekki aflagast eða spennast þegar hún er sett í veggdósina.

Ýtið lokunarplötunni inn þar til plastvinklarnir nema við vegginn.

2. Festið lokunarplötuna með 4 meðfylgjandi sexkantskrúfum og tenntum spenniskífum. Herða verður sexkantskrúfurnar vel til þess að tryggja að festing framplötunnar haldi.


3. Setjið báðar uppsetningarhöldurnar á hliðunum út (1.), ýtið framplötu útistöðvarinnar Eðalstál inn í uppsetningarhöldurnar (2.) og hengið festiband framplötunnar í krókinn á lokunarplötunni (3.).

4. Tengjið tveggja víra Bus við Bus-tengiklemmurnar.




Lykkjur milli BUS og ZV


Lykkjurnar milli BUS og ZV eru nauðsynlegar fyrir notkun litmyndavélarinnar. Þannig er ekki hægt að slökkva á lýsingu kallhnappanna á útistöðinni. Ef ytri aukaspennugjafi er tengdur við ZV verður að fjarlægja lykkjurnar.



5. Takið framplötuna úr uppsetningarhöldunum (1.) og setjið uppsetningarhöldurnar inn (2.).



6. Stillið **neðri** festibolta framplötunnar á "**Close**".




7. Notið stýriboltana til að setja framplötuna á og þrýstið henni að þar til efri og neðri boltarnir festast.


Búnaðurinn tekinn í notkun

Þegar allur búnaðurinn (úti- og innistöðvar, stýrieining o.s.frv.) hefur verið settur upp er hægt að taka dyrasímakerfið í notkun. Leiðbeiningar um það hvernig útistöð er tekin í notkun er að finna í kerfishandbókinni sem fylgir með stýrieiningunni.


Fjölvirkur inngangur




Með meðfylgjandi leiðslu er hægt að tengja hnapp við fjölvirka inngang  hátalarans í útistöðinni Eðalstál. Hnappurinn gegnir þá sama hlutverki og kallhnappur og er því til dæmis hægt að nota hann sem kallhnapp eða til þess að stjórna rofaliða.



1. Takið litmyndavélina úr bakhlið framlötunnar á útistöðinni Eðalstál:
Það er gert með því að losa um báðar skrúfurnar á festiprófil myndavélarinnar.



2. Þegar litmyndavélin hefur verið tekin niður skal taka lokið af henni.




3. Losið lítillega um báðar Torx-skrúfurnar vinstra og hægri megin við myndavélarlinsuna.




Losið skrúfurnar ekki alveg úr!

Til þess að stilla linsuberann nægir að losa lítillega um skrúfurnar. Skrúfið skrúfurnar **ekki** alveg úr.




4. Færið myndavélarlinsuna í þá átt sem óskað er.


5. Til þess að prófa litmyndavélina skal setja hana í framlötuna og athuga svo á TFT-skjá tengdu innistöðvarinnar hvort myndavélarlinsan sé rétt stillt og hvort sá sem stendur fyrir framan hurðina sjáist vel.




6. Takið litmyndavélina aftur úr og festið linsuberann með báðum Torx-skrúfunum.






7. Setjið lokið á myndavélina.



8. Setjið myndavélina í framlötuna á útistöðinni Eðalstál og festið hana þar.
Gætið þess að svarta þéttingin sitji rétt.



Til þess að opna útistöðina Eðalstál þarf að nota þar til gert verkfæri sem fylgir með.



1. Snúið **neðri** festiboltanum/-boltunum í stöðuna "Open".

Á útistöðvum með einni hnapparöð er einn neðri festibolti, en á útistöðvum með tveimur hnapparöðum eru neðri festiboltarnir tveir. Staðsetning festiboltanna er gefin til kynna með litlum grópum á neðanverðri framplötunni.



Sýnið aðgát ef veggir eru múraðir

Þegar um múraða veggir er að ræða er hætt á því að opunarverkfærið skemmi múrhlúðina ef útistöðin er opnuð oft.


2. Lyftið framplötunni upp úr neðri festingunni (1.) og dragið hana á ská niður úr efri festingunum (2.).

Merkisþjöld


Notið eingöngu Gira merkisþjöld í Gira útistöðina Eðalstál.

Þessi gagnsæju plastskilti eru ljósekta, veðurþolin og slétt.


Með því að færa inn meðfylgjandi leyfislykil á **www.marking.gira.com** er hægt að fá fyrstu merkisþjöldin ókeypis.



1. Takið kallhnappinn úr lás með meðfylgjandi plastlykli:
Það er gert með því að snúa plastlyklinum rangsælis þar til hann festist.



2. Festið kallhnappinn:
Það er gert með því að þrýsta kallhnappinum u.þ.b. 1 cm inn.
✓ Kallhnappurinn festist inni og er áfram í þeirri stöðu.




3. Setjið flötu hlið plastlykilsins undir glerlokið og dragið merkisþjaldahölduna út.




Takið merkisþjaldahölduna ekki úr


Ekki lyfta merkisþjaldahöldunni og taka hana úr!




4. Takið gamla merkisþjaldið úr og rennið því nýja alla leið inn í hölduna.




5. Leggið merkisþjaldið undir festingarnar á höldunni.




6. Rennið merkisþjaldahöldunni aftur á sinn stað.
Haldið um leið merkisþjaldinu föstu með fingrinum.



7. Losið kallhnappinn:
Það er gert með því að ýta lyklinum dálítið inn og snúa honum réttisælis þar til kallhnappurinn losnar úr neðri stöðunni.



8. Festið kallhnappinn:
Það er gert með því að snúa plastlyklinum aftur réttisælis þar til hann festist.



9. Styðjið á kallhnappinn til þess að kanna hvort hann virki rétt:
Kallhnappurinn hefur verið festur með réttum hætti ef


- **ekki** er hægt að ýta kallhnappinum langt inn og
- staðfestingartónn heyrir þegar stutt er á kallhnappinn.

Ef kallhnappurinn hefur ekki verið festur rétt skal endurtaka skref 8.

Stilling hljóðstyrks

Hægt er að stilla hljóðstyrkinn á hverri útistöð fyrir sig.

Stilla verður hljóðstyrkinn með hjálp aðstoðarmanns.



1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
2. Styðjið á kallhnapp á **útistöðinni** sem þegar hefur verið tengdur.
3. Aðstoðarmaðurinn svarar hringingunni á **innistöðinni** (með því að taka upp tölið eða styðja á talhnapp) og talar.
4. Styðjið aftur á kallhnappinn á **útistöðinni**.
- ✓ Hljóðstyrknum er breytt með því að styðja á hnappinn meðan á samtali stendur.
Alls standa fjögur hljóðstyrksþrep til boða.
Í hvert sinn sem stutt er á kallhnappinn er stillt á næsta hljóðstyrksþrep fyrir ofan. Þegar hæsta hljóðstyrk er náð verður stillt á minnsta hljóðstyrk næst þegar stutt er á hnappinn.
5. Leggið á.
Síðasta stilling á hljóðstyrk er þá vistuð í útistöðinni.


6. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.

Hringt



1. Styðjið á kallhnappinn til þess að hringja í tengdu innistöðina.
- ✓ Staðfestingartónn heyrst þegar stutt hefur verið á hnappinn.
- ✓ Þegar svarað er á innistöðinni logar hljóðnemaopið í bláum lit.

Ljós kveikt (með rofaliða)



1. Stutt er á kallhnappinn til þess að kveikja á ljósi eða öðrum rafbúnaði með tengdum rofaliða.
- ✓ Staðfestingartónn heyrst þegar stutt hefur verið á hnappinn.

Tæknilýsing

Tengi:	2 skrúfklæmmur fyrir tveggja víra Bus 2 skrúfklæmmur fyrir aukaspennugjafa 2 fjöltengi fyrir kerfisbraut (6 póla) 1 fjöltengi fyrir mynd (2 póla) 2 skrúfklæmmur fyrir skemmdarverkasnertu
Spennugjafi:	2 myndavélar um myndstýrieiningu 3. og 4. myndavélin um ytri aukaspennugjafa (24 V DC)
Varnarflokkur:	IP 44
Hitasvið:	-25 °C til +70 °C
Mál (B x H x D):	
Einföld, tvöföld:	140 x 265 x 60 mm (veggdós) 160 x 285 x 3 mm (framplata)
Preföld, fjórföld:	140 x 332 x 60 mm (veggdós) 160 x 352 x 3 mm (framplata)
Sexföld, áttföld, níuföld:	140 x 417 x 60 mm (veggdós) 160 x 437 x 3 mm (framplata)
Tíuföld, tólföld:	250 x 265 x 60 mm (veggdós) 270 x 285 x 3 mm (framplata)
Uppsetningarhæð myndavélar	
Lágmarkshæð:	1,20 m
Ráðlögð uppsetningarhæð:	1,50 m
Myndnemi:	1/3" CCD-nemi
Gleiðlinsa:	150° opnunarvinkill
Sjónsvið:	100° sjónsvið myndavélar
Mögulegt sjónsvið:	140° (með 20° snúningi)
Litakerfi:	PAL
Dílar:	500 (lárétt) x 582 (lóðrétt)
Lárétt upplausn:	380 sjónvarpslínur
Skiptir af lit yfir í svarthvítt við:	1 lúx
Ljós næmi í svarthvítri stillingu:	0,1 lúx
Lokunartími rafeindaloku:	allt að 1/100000 s

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (séerverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar.

Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Elektro-Installations-
Systeme
Postfach 1220
42461 Radevormwald
Deutschland
Tel +49 (0) 21 95 / 602 - 0
Fax +49 (0) 21 95 / 602 - 191
www.gira.de
info@gira.de

28/11

GIRA